

Uppfært 21. nóv. 2019

Kynning á kröfum

vegna þjóðlendumáls á svæði 10A:

Strandasýsla ásamt fyrrum Bæjarhreppi

SJÁ EINNIG KORT
MEÐ KRÖFULÍNUM MÁLSADILA



NÓVEMBER 2019

Kröfur vegna þjóðlendumáls á svæði 10A

Hér eru kynntar kröfur sem óbyggðanefnd hafa borist vegna þjóðlendumáls á svæði sem við málsmeðferð óbyggðanefndar er auðkennt sem svæði 10A, þ.e. Strandasýsla ásamt fyrrum Bæjarhreppi.

Forsaga málsins er sú að með bréfi dags. 16. mars 2018 var fjármála- og efnahagsráðherra tilkynnt að svæði 10A, Strandasýsla ásamt fyrrum Bæjarhreppi, hefði verið tekið til meðferðar og veittur frestur til 14. september 2018 til að lýsa kröfum íslenska ríkisins um þjóðlendur þar. Kröfulýsingarfrestur var framlengdur til 5. október 2018 að beiðni íslenska ríkisins. Þann dag barst svo krafa íslenska ríkisins um þjóðlendu en hún nær til þess hluta Drangajökuls sem er innan svæðisins.

Krafa íslenska ríkisins var síðan kynnt með lögformlegum hætti, þ.e. bæði í Lögbirtinga-
blaði og með auglýsingum í dagblöðum, og öðrum mögulegum hagsmunaaðilum var veittur frestur til 1. febrúar 2019 til að skila kröfulýsingum. Einnig var sýslumanninum á Vestfjörðum og öllum sveitarfélögum á svæði 10A tilkynnt um þjóðlendukröfu ríkisins og kröfulýsingarfrest gagnaðila. Kynningargögn voru aðgengileg í Hólmavíkurlitabúí sýslumannsins á Vestfjörðum og hjá viðkomandi sveitarfélagi, þ.e. Árneshreppi, auk skrifstofu og vefsíðu óbyggðanefndar. Að auki var var fréttatilkynning send út um þjóðlendukröfu ríkisins, kröfulýsingarfrest og hvar kynningargögn væru aðgengileg, og RÚV, Morgunblaðið og vefurinn Bæjarins besta (bb.is) fjölluðu um þjóðlendukröfuna 23. og 24. október 2018. Engar gagnkröfur bárust innan frestsins.

Kynning á heildarkröfum skv. 12. gr. laga nr. 58/1998 stóð yfir 18. febrúar – 18. mars 2019 og frestur til athugasemda var til 25. mars 2019. Gögn voru aðgengileg á sömu stöðum og við fyrri kynningu.

Meðan á síðari kynningunni stóð bárust óbyggðanefnd nokkur erindi, auk þess sem nefndin hefur vakið athygli eigenda ákveðinna jarða á málinu og gefið þeim kost á aðild að því, sbr. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 58/1998. Í framhaldi af hvoru tveggja hafa óbyggðanefnd borist þrjár gagnkröfur vegna fjögurra jarða í Strandasýslu, Skjaldabjarnarvíkur, Drangavíkur, Engjaness og Ófeigsfjarðar. Einnig hafa borist athugasemdir vegna einnar jarðar, Dranga, sem farið er með eins og um formlega kröfu sé að ræða. Þessar kröfulýsingar og athugasemdir, auk kröfulýsingar íslenska ríkisins, eru birtar hér á eftir.

Óbyggðanefnd vinnur að öflun gagna um svæðið í samvinnu við sérfræðinga á Þjóðskjalasafni Íslands. Að lokinni gagnaöflun og rannsókn á eignarréttarlegri stöðu svæðisins mun nefndin úrskurða um fram komnar kröfur. Nánari upplýsingar fást á skrifstofu óbyggðanefndar og á vefsíðu hennar: obyggdaneftnd.is.

Óbyggðanefnd

EFNISYFIRLIT

Kröfulýsing fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins

um þjóðlendumörk á svæði 10A	1
1. Almenn atriði	2
2. Landsvæði	2
3. Nánar um kröfusvæðið	3
4. Kröfusvæðið; hluti Drangajökuls, jarðir og svæði sem liggja að því	6
5. Kröfulína og röksemdir fyrir henni	8
6. Dómsúrlausnir og aðrar úrlausnir er varða kröfusvæðið	9
7. Kröfugerð	9
8. Áskilnaður og fyrirvari	10
 Kröfur og athugasemdir gagnaðila íslenska ríkisins	13
<i>Engjanes og Ófeigsfjörður</i>	<i>13</i>
<i>Drangavík.....</i>	<i>17</i>
Fylgiskjöl	22
<i>Skjaldarbjarnarvík</i>	<i>45</i>
Fylgiskjöl	46
<i>Drangar</i>	<i>49</i>

Yfirlitskort um kröfulínur málsaðila:

https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/10A_mal-2019-1_kort-krofulinur.pdf

Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3, 2. hæð.
101 Reykjavík

Óbyggðanefnd			
Málsnr.	08N19080003	Tilv.	1/2019
Db.	1-102	Skj.nr.	1
Mótt.			

Reykjavík, 5. október 2018

Efni: Kröfulýsing íslenska ríkisins vegna þjóðlendna á svæði 10A

Með bréfi óbyggðanefndar dags. 16. mars 2018, var fjármála- og efnahagsráðueytnu gert viðvart um að nefndin hefði ákveðið að kröfulýsingafrestur íslenska ríkisins á svæði 10A yrði til 14. september 2018. Kröfulýsingarfrestur íslenska ríkisins var svo til 5. október 2018.

Kröfusvæðið afmarkast svo, sbr. bréf óbyggðanefndar dags. 20. ágúst 2018.

Austurmörk fyrrum Bæjarhrepps ráða austurmörkum svæðisins frá botni Hrútafjarðar til suðurs þar til komið er að mörkum fyrrum Bæjarhrepps gagnvart Borgarbyggð. Þaðan er þeim sveitarfélagamörkum fylgt til norðvesturs þar til komið er að austurmörkum Dalabyggðar. Þaðan er vesturmörkum fyrrum Bæjarhrepps fylgt til norðurs þar til komið er að mörkum hans gagnvart Strandabyggð, en sá punktur er jafnframt á sýslumörkum milli Strandasýslu og Dalasýslu. Þaðan er suður- og síðar vestur- og loks norðvesturmörkum Strandasýslu fylgt allt þar til komið er að hafi við Geirólfsnúp milli Skjaldabjarnarvíkur og Reykjaðar. Að austanverðu afmarkast svæðið af hafi.

Þjóðlendu-kröfusvæði það sem að framan er lýst nær til þess svæðis sem óbyggðanefnd hefur nefnt 10A, Strandasýsla ásamt fyrrum Bæjarhreppi og er það fyrsti hluti tíunda svæðisins sem kemur til umfjöllunar nefndarinnar.

Hjálagt fylgir kröfulýsing íslenska ríkisins til þjóðlendna á umræddu svæði. Yfirlitskort unnið af Landformum á Selfossi, verður sent nefndinni.

Þá fylgja kröfulýsingunni, skjalaskrá og heimildaskrá ásamt ljósritum af viðkomandi skjölum.

Áskilinn er réttur til að leggja fram greinargerð síðar.

Virðingarfyllst,
f.h. fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins

Edda Andradóttir

Edda Björk Andradóttir, lögmaður

**KRÖFULÝSING FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA
F.H. ÍSLENSKA RÍKISINS
UM ÞJÓÐLENDUMÖRK Á SVÆÐI 10A,
STRANDASÝSLA ÁSAMT FYRRUM BÆJARHREPPI**

1. ALMENN ATRIÐI

Með bréfi óbyggðanefndar, dags. 16. mars 2018, var fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. íslenska ríkisins, tilkynnt að nefndin hefði ákveðið að taka svonefnt svæði 10A til meðferðar, Strandasýsla ásamt fyrrum Bæjarhreppi. Var íslenska ríkinu veittur frestur til að lýsa kröfum um þjóðlendur á svæðinu til 14. september 2018.

Með bréfi óbyggðanefndar til Juris, dags. 20. ágúst 2018, var lýsingu kröfusvæðisins breytt á þann hátt að vesturmörk þess voru miðuð við mörk Strandasýslu en ekki mörk sveitarfélagsins Strandabyggðar svo sem áður hafði verið ákveðið.

Með bréfi óbyggðanefndar dags. 11. september 2018, til Juris, var fallist á að frestur til að skila kröfulýsingu yrði framlengdur til 5. október 2018.

Málsaðili: Aðild að þessu máli á fjármála- og efnahagsráðuneytið, kt. 550169-2829, Arnarhvoli, 150 Reykjavík, f.h. íslenska ríkisins, sbr. 2. og 11. gr. laga nr. 58/1998. Samkvæmt 2. gr. laganna er íslenska ríkið eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda í þjóðlendum, sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Í 11. gr. laganna er lögð sú skylda á fjármálaráðherra að hann fari með fyrirsvar fyrir hönd íslenska ríkisins og stofnana á vegum þess, vegna krafna um eignarréttindi innan þjóðlendna og við úrlausn um hvort land teljist til eignarlands eða þjóðlendna. Fyrirsvar þetta er einnig talið ná til eignarlanda ríkisins á þjóðlendumörkum.

Fyrirsvarsmaður: Lögmenn íslenska ríkisins í máli þessu eru Andri Árnason, kt. 121257-3869, Edda Björk Andradóttir, kt. 280676-5199, edda@juris.is, og Indriði Þorkelsson, kt. 020257-5049, indridi@juris.is, Juris slf., Borgartúni 26, Reykjavík, sími 580-4400.

2. LANDSVÆÐI

2.1. Afmörkun kröfusvæðis

Kröfusvæðið afmarkast svo, sbr. bréf óbyggðanefndar dags. 20. ágúst 2018:

Austurmörk fyrrum Bæjarhrepps ráða austurmörkum svæðisins frá botni Hrútafjarðar til suðurs þar til komið er að mörkum fyrrum Bæjarhrepps gagnvart Borgarbyggð. Þaðan er þeim sveitarfélagamörkum fylgt til norðvesturs þar til komið er að austurmörkum Dalabyggðar. Þaðan er vesturmörkum fyrrum

Bæjarhrepps fylgt til norðurs þar til komið er að mörkum hans gagnvart Strandabyggð, en sá punktur er jafnframt á sýslumörkum milli Strandasýslu og Dalasýslu. Þaðan er suður- og síðar vestur- og loks norðvesturmörkum Strandasýslu fylgt allt þar til komið er að hafi við Geirólfsnúp milli Skjaldabjarnarvíkur og Reykjafjarðar. Að austanverðu afmarkast svæðið af hafi.

2.2. Sveitarfélög á kröfusvæðinu

Á kröfusvæðinu eru eftirfarandi sveitarfélög: Strandabyggð, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og hluti Húnaþings vestra, þ.e. fyrrum Bæjarhreppur.

Strandabyggð varð til í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna árið 2006 við sameiningu Hólmavíkurhrepps og Broddaneshrepps. Stærsti þéttbýliskjarninn er Hólmavík. Í sveitarfélaginu bjuggu 468 manns 1. janúar 2017.

Árneshreppur, er nyrsta sveitarfélagið í Strandasýslu. Þar bjuggu 46 manns 1. janúar 2017.

Kaldrananeshreppur, nær frá Selá í Steingrímsfirði að sunnan, að Spena norðan við Kaldbaksvík. Þar er þorpið Drangsnes. Í hreppnum bjuggu 106 manns 1. janúar 2017.

Fyrrum Bæjarhreppur. Hreppurinn sem liggur í vestanverðum Hrútafirði, sameinaðist Húnaþingi vestra, hinn 1. janúar 2012. Fyrir sameininguna, bjuggu þar um 100 manns (2010).

3. NÁNAR UM KRÖFUSVÆÐIÐ

3.1. Heimildir um landnám í Strandasýslu og Hrútafirði

Í Landnámu er getið nokkurra landnámsmanna, sem numu lönd á Ströndum og í Hrútafirði.

„Hella-Björn son Herfinns og Höllu var víkingr mikill; hann var jafnan óvinur Haralds konungs. Hann fór til Íslands ok kom í Bjarnarfjörð með alskjölduðu skipi; síðan var hann Skjalda-Björn kallaðr. Hann nam land frá Straumnesi til Dranga, ok í Skjalda-Bjarnarvík bjó hann, en átti annat bú á Bjarnarnesi; þar sér miklar skálatóptir hans.“¹

„Geirólfr hér maðr, er braut skip sitt við Geirólfsnúp; hann bjó þar síðan undir gnúpinum at ráði Bjarnar.“²

¹ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenska fornritafélag. 1968, bls. 197.

² Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenska fornritafélag. 1968, bls. 197.

„Þorvaldr Ásvaldsson, Úlfssonar, Yxna-Þórissonar, nam Drangaland ok Drangavík til Enginess ok bjó at Dröngum alla ævi. Hans son var Eiríkr rauði, er byggði Grænland, sem fyrr segir.“³

„Herröðr hvítaský var göfugr maðr; hann var drepinn af ráðum Haralds konungs, en synir hans þrír fóru til Íslands ok námu land á Ströndum: Eyvindr Eyvindarfjörð, Ófeigr Ófeigsfjörð, Ingólfr Ingólfsfjörð; þeir bjoggu þar síðan.“⁴

„Eiríkr snara hét maðr, er land nam frá Ingólfsfirði til Veiðilausu ok bjó í Trékyllisvík: [...]“⁵

„Önundr tréfótr son Ófeigs burlufótar, Ívarssonar beytils, Önundr var í móti Haraldi konungi í Hafrsfirði ok lét þar fót sinn. Eptir þat fór hann til Íslands ok nam land frá Kleifum til Ófæru, Kaldbaksvík, Kolbeinsvík, Byrgisvík, ok bjó í Kaldbak til elli.“⁶

„Björn hét maðr, er nam Bjarnarfjörð; hann átti Ljúfu; þeira son var Svanr, er bjó á Svanshóli.“⁷

„Steingrímur nam Steingrímsfjörð allan ok bjó í Tröllatungu.“⁸

„Kolli hét maðr, er nam Kollafjörðr og Kriðinsenni ok bjó undir Felli, meðan hann lifði.“⁹

„Þorbjörn bitra hét maðr; hann var víkingr ok illmenni. Hann fór til Íslands með skuldalið sitt; hann nam fjörð þann, er nú beitir Bitra, ok bjó þar. Nokkuru síðar braut Guðlaugr bróðir Gils skeiðarnefs skip sitt þar út við höfða þann, er nú heitir Guðlaugshöfði. [...] Við Guðlaug er kennd Guðlaugsvík.“¹⁰

„Bálki hét maðr Blæingsson, Sótasonar af Sótanesi; hann var á mót Haraldi konungi í Hafrsfirði. Eptir þat fór hann til Íslands ok nam Hrútafjörð allan; hann bjó á Bálkastöðum hvárumtveggjum, en síðast í Bæ ok dó þar. Hans son var Bersi goðlauss, er fyrst bjó á Bersastöðum í Hrútafirði [...]“¹¹

³ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenszka fornritafélag. 1968, bls. 197.

⁴ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenszka fornritafélag. 1968, bls. 197-8.

⁵ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenszka fornritafélag. 1968, bls. 198.

⁶ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenszka fornritafélag. 1968, bls. 198.

⁷ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenszka fornritafélag. 1968, bls. 199.

⁸ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenszka fornritafélag. 1968, bls. 199.

⁹ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenszka fornritafélag. 1968, bls. 199.

¹⁰ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenszka fornritafélag. 1968, bls. 200.

¹¹ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenszka fornritafélag. 1968, bls. 200.

„Arndís en auðga, dóttir Steinólfs ens lága, nam síðan land í Hrútafirði út frá Borðeyri; hon bjó í Bæ.“¹²

„Pröstr og Grenjuðr synir Hermundar hokins námu land í Hrútafirði inn frá Borðeyri ok bjoggu at Melum.“¹³

3.2. Afréttarmál

Í Sóknaýsingum Vestfjarða II (Ísafjarðar- og Strandasýslur) kemur m.a. eftirfarandi fram um afréttarmál í sýslunni.

Í lýsingu síra Sigurðar Gíslasonar fyrir Árnessókn segir eftirfarandi um afréttarlönd, upprekstur o.fl.:

„Hér eru engin afréttarlönd þau, er séu almenningur. Heldur liggja þau undir einstaka jarðar. Þau eru hér: Krossnesfjall, og er þangað rekið geldfé af mörgum bæjum í norðurhluta sveitarinnar. Þar er rétt á Krossnesi. Á Seljanesfjall er rekið frá fáeinum bæjum og er þar réttar í Ófeigsfirði. Hið mesta afréttarland er Reykjarfjarðarfjall, og liggur það undir Reykjarfjörð, og er réttað þar. Svo er líka rekið á Kjörvogshlíð, sem að liggur undir Kjörvog, og er hlíð þessi norðanvert með Reykjarfirði. Réttin er á Kjörvogi. Úr öðrum sveitum rekur hingað enginn. Hér í sveit eru alls staðar haldnar réttir mánudaginn í 22. viku sumars, annars eru afréttarlöndin hér ekki annað en búfjárhagar.“¹⁴

Í lýsingu síra Sigurðar Gíslasonar fyrir Kaldrananessókn segir eftirfarandi um afréttarlönd, upprekstur o.fl.:

„Ekkert afréttarland er í sveitinni, utan á Selárdal, hvert fáir hafa rekið síðan fé tók að fækka.“¹⁵

Í Jarðabók segir m.a. um Stað:

„Þar á Selárdal hefur verið brúkaður lamba upprekstur, og hefur ábúandinn tekið lambatolla, en beneficiator öngva.“¹⁶

Í lýsingu síra Björns Hjálmarssonar fyrir Tröllatungu- og Fellsóknir segir eftirfarandi um afréttarlönd, upprekstur o.fl.:

¹² Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenska fornritafélag. 1968, bls. 201.

¹³ Íslendingabók Landnámabók II. Hið íslenska fornritafélag. 1968, bls. 201.

¹⁴ Sóknaýsingar Vestfjarða. II. Ísafjarðar- og Strandasýslur. 1952, bls. 229.

¹⁵ Sóknaýsingar Vestfjarða. II. Ísafjarðar- og Strandasýslur. 1952, bls. 248.

¹⁶ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Ísafjarðar- og Strandasýsla (VII. bindi), bls. 385.

„Upprekstur er nú hafður í Mókolls- og Steinadal, úr Fellss[ók]n, en í Tungu- og Arnkötludal sumstaðar úr Tungusókn, sumstaðar ekki rekið. Réttað er á þessum dalbæjum í 21. viku sumars. Engin er hér lögleg afrétt, því svo stutt er á millum byggða, að sunnan og norðanverðu.“¹⁷

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Tind:

„Lambaupprekstur hefur þar áður verið a Hallruna, nú er hann í mörg ár aldeilis aflagður. Fjallatollur hefur verið i lamb af xx lömbum, og tók það ábúandi.“¹⁸

Í lýsingu síra Búa Jónssonar fyrir Prestbakka- og Óspakseyrarsóknir segir eftirfarandi um afréttarlönd, upprekstur o.fl.:

„Afréttur er á Melafjalli, sem kallaður er lögskipaður fyrir nokkra búendur, sem þar næstir eru. Á þann afrétt reka ekki margir. Á þeim bæ er og kölluð lögrétt, í hverri er réttað er á haustnóttum. Hinir reka fé sitt á fjöll, upp frá sínu landi, en draga því næst í sundur, þegar sótt er á haustum, þar sem hentugast þykir.“¹⁹

Í Jarðabók segir m.a. um jörðina Brunngil:

„Góð beit og víðlend á sumar. Þar hefur fyrrum verið brúkaður lambaupprekstur úr sveitinni, jafnvel sumstaðar úr nálægt liggjandi sveitum, en var þó ei lögafrjett. Var almennilegast goldið í fjallatoll i lamb af xx eða þess virði, stundum minna. Er nú í mörg ár aflagður, kann og ei vel að brúkast vegna búmissis á heimapeningi.“²⁰

Þó framangreindar heimildir geti þess að sameiginlegur upprekstur hafi verið á vissum svæðum, leiddi athugun íslenska ríkisins til þess að tilgreind svæði séu öll innan landamerkja jarða, án þess að vera sérstaklega aðgreind í bréfunum.

4. KRÖFUSVÆÐIÐ; HLUTI DRANGAJÖKULS, JARÐIR OG SVÆÐI SEM LIGGJA AÐ ÞVÍ

4.1. Árneshreppur

i. Skjaldarbjarnarvík í Árneshreppi, (aðliggjandi)

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Skjaldarbjarnarvík í Árneshreppi, nr. 97, dags. 2. júlí 1890, þinglesið sama dag, segir m.a. svo um landamerki:

¹⁷ Sóknalýsingar Vestfjarða. II. Ísafjarðar- og Strandasýslur. 1952, bls. 267.

¹⁸ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Ísafjarðar- og Strandasýsla (VII. bindi), bls. 404.

¹⁹ Sóknalýsingar Vestfjarða. II. Ísafjarðar- og Strandasýslur. 1952, bls. 267.

²⁰ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, Ísafjarðar- og Strandasýsla (VII. bindi), bls. 432.

„Jörðin á land og reka norður í klett þann sem er norðan til við Geirhólmagnúp og kallaður er Biskup, að sunnan verðu á jörðin land og reka að Bjarnafjarðará og eru þar skír landamerki milli Skjaldabjarnarvík og Dranga.“

ii. *Drangar í Árneshreppi, (aðliggjandi)*

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Dranga í Árneshreppi, nr. 95, dags. 24. maí 1890, þinglesið 2. júlí 1890, segir m.a. svo um landamerki:

„Land jarðarinnar að norðanverðu við bæjinn er norður að Bjarnafjarðará og eru þar skír landamerki milli Skjaldabjarnarvíkur og Dranga. Að sunnanverðu við bæjinn eiga Drangar land yst út í Drangatanga nfl. sjónhendingu af lægsta Skarðatindinum í vörðu þá, sem er á klettinum skammt fyrir ofan sjóinn og svo eptir þeirri línu til sjóar. Til fjalls á jörðin land svo langt sem vötnum hallar að láglendi hennar.“

iii. *Engjanes í Árneshreppi, (aðliggjandi)*

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Engjanes í Árneshreppi, nr. 94, dags. 2. júlí 1890, þinglesið sama dag, segir m.a. svo um landamerki:

„Hornmark milli Engjanes og Drangavíkur er Þrælskleif, þaðan beint til fjalls, svo eptir hæstu fjallsbrún að Eyvindarfjarðará en hún ræður merkjum til sjóar milli Engjanes og Ófeigsfjarðar, [...]“

4.2. Fyrrum Nauteyrarhreppur, nú Strandabyggð

iv. *Skjaldfönn í fyrrum Nauteyrarhreppi, nú Strandabyggð, (aðliggjandi)*

Ekki hefur fundist landamerkjabréf fyrir jörðina Skjaldfönn né upplýsingar um jörðina í jarðaskjölum Ísafjarðarsýslu.

4.3. Fyrrum Grunnavíkursveit, nú Ísafjarðarbær

v. *Sæból í fyrrum Grunnavíkursveit, nú Ísafjarðarbær, (aðliggjandi)*

Í landamerkjabréfi fyrir jörðina Sæból í Grunnavíkursveit, nr. 227, dags. 8. janúar 1892, þinglesið 6. september 1892, segir m.a. svo um landamerki:

„Milli Reykjarfjarðar og Sæbóls skilur á, sem rennur frá fjalli til fjöru. Að austanverðu skilur Sæbóls og Skjaldabjarnarvíkurland, klettur, sem er nefndur Biskup, og stendur undir Geirólfsgrúpi.“

5. KRÖFULÍNA OG RÖKSEMDIR FYRIR HENNI

5.1. Árneshreppur

5.1.1. Almennt

Í eftirfarandi umfjöllun um þjóðlendu­kröfulínur íslenska ríkisins er vikið stuttlega að helstu heimildum er styðja afmörkun þjóðlendu­kröfulína og sjónarmið er búa að baki þeirri afstöðu íslenska ríkisins að um svæði utan eignarlanda sé að ræða. Vísast hér að öðru leyti til umfjöllunar 3. og 4. kafla hér að framan, þar sem frekari heimilda er getið, þ.á m. um landnám á svæðinu. Eftirfarandi umfjöllun byggir á þeim heimildum er liggja fyrir við gerð kröfulýsingarinnar og ber því ekki að líta svo á að um sé að ræða tæmandi umfjöllun eða rökstuðning fyrir kröfugerð íslenska ríkisins.

5.1.2. Hluti Drangajökuls

5.1.2.1. Þjóðlendu­kröfulína

Af hálfu íslenska ríkisins er þess krafist að sá hluti Drangajökuls, sem er innan Árneshrepps og innan marka kröfulýsingarsvæðis 10A, , sé þjóðlenda innan eftirfarandi þjóðlendu­kröfulínu:

Upphafspunktur er við Hrollleifsborg (1), og er miðað við að hann sé við jökuljaðar og á sýslumörkum, sveitafélagamörkum og merkjum jarðanna Skjaldabjarnarvíkur í Árneshreppi og Sæbóls í Reykjarfirði, fyrrum Grunnavíkursveit, nú Ísafjarðarbæ. Þaðan er jökuljaðri Drangajökuls fylgt suður uns komið er að þeim stað, punktur (2), sem er á sýslumörkum Strandasýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu. Þaðan er farið norður eftir sýslumörkum og sveitafélagamörkum sem jafnframt eru mörk kröfulýsingarsvæðis og svo til norð-austurs, eftir sömu mörkum að Hrollleifsborg, sem er upphafspunktur.

5.1.2.2. Afmörkun þjóðlendu­kröfulínu

Að þeim hluta Drangajökuls sem íslenska ríkið gerir þjóðlendu­kröfu í, liggja eftirfarandi jarðir; Sæból í Reykjarfirði, fyrrum Grunnavíkursveit, nú Ísajarðarbær, Skjaldabjarnarvík, Drangar og Engjanes, allar í Árneshreppi og jörðin Skjaldfönn í fyrrum Nauteyrarhreppi, nú Strandabyggð. Engin þessara jarða lýsir merkjum sérstaklega til jökuls eða jökulbrúnar en þess skal þó getið að landamerkjabréf hefur ekki fundist fyrir jörðina Skjaldfönn. Frá upphafspunkti er kröfulínan afmörkuð eftir jökuljaðrinum og er miðað við hann eins og hann var við gildistöku laga nr. 58/1998.

5.1.2.3. Svæði utan eignarlanda – röksemdir fyrir kröfulínu

Þau atriði sem einkum er litið til við skilgreiningu á þjóðlendumörkum á kröfusvæði 10a eru heimildir um landnám, jarðir og jarðamörk, ritaðar heimildir, landfræðilegar aðstæður, og önnur atriði svo sem nánar verður greint frá hér á eftir.

Af hálfu íslenska ríkisins er byggt á því að það svæði sem er innan þjóðlendukröfulínu, Drangajökull, teljist landsvæði utan eignarlanda í skilningi 2. mgr. 1. gr. laga nr. 58/1998.

Krafa þessi er byggð á því að jöklar teljist almennt til svæða utan eignarlanda, og er þá vísað til almennra athugasemda er fylgdu frumvarpi til þjóðlendulaga, sem og til kafla 4.6. í almennum niðurstöðum óbyggðanefndar.

Hvergi mun þess vera getið í landnámslýsingum að menn hafi numið jökla til eignar eða afnota. Hefur eignarréttarleg staða jökla ekki sérstaklega verið til umfjöllunar í íslenskri lögfræði. Hefur verið litið svo á að jöklar séu dæmi um óbyggð svæði sem enginn hafi nýtt af, eða landalmenningur skv. síðari tíma flokkun.

Ekki verður séð af lýsingum í Landnámu að jökullinn hafi verið innan landnáms. Þess er a.m.k. ekki getið. Að kröfusvæðinu liggja jarðir sem lýsa í örnefni við jökulbrún. Má þannig ráða af heimildum að þjóðlendukröfusvæðið liggi utan landamerkjabréfa og annarra landamerkjálýsinga aðliggjandi svæða. Af sömu heimildum er og ljóst að slík aðliggjandi svæði telja ekki til beinna eignarréttinda yfir þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins. Vísast hér nánar til fyrrgreinds rökstuðnings fyrir þjóðlendukröfulínu.

Að kröfusvæðinu liggja jarðir. Má þannig ráða af heimildum að þjóðlendukröfusvæðið liggi utan landamerkjabréfa og annarra landamerkjálýsinga aðliggjandi svæða. Af sömu heimildum er og ljóst að slík aðliggjandi svæði telja ekki til beinna eignarréttinda yfir þjóðlendukröfusvæði íslenska ríkisins. Vísast hér nánar til fyrrgreinds rökstuðnings fyrir þjóðlendukröfulínu.

Að öðru leyti er vísað til almennra sjónarmiða sem gilda í þjóðlendumálum, dómafordæma Hæstaréttar Íslands og til almennra niðurstaða óbyggðanefndar, með viðaukum, sem birtar eru á heimasíðu nefndarinnar.

6. DÓMSÚRLAUSNIR OG AÐRAR ÚRLAUSNIR ER VARÐA KRÖFUSVÆÐIÐ

Ekki hafa fundist neinir dómar er varða kröfusvæðið.

7. KRÖFUGERÐ

7.1. Hluti Drangajökuls

Upphafspunktur er við Hrollleifsborg **(1)**, og er miðað við að hann sé við jökuljaðar og á sýslumörkum, sveitafélagamörkum og merkjum jarðanna Skjaldabjarnarvíkur í Árneshreppi og Sæbóls í Reykjarfirði, fyrrum Grunnavíkursveit, nú Ísafjarðarbæ. Þaðan er jökuljaðri Drangajökuls fylgt suður uns komið er að þeim stað, punktur **(2)**,

sem er á sýslumörkum Strandasýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu. Þaðan er farið norður eftir sýslumörkum og sveitafélagamörkum sem jafnframt eru mörk kröfúlýsingarsvæðis og svo til norð-austurs, eftir sömu mörkum að Hrollleifsborg, sem er upphafspunktur.

8. ÁSKILNAÐUR OG FYRIRVARI

Áskilinn er réttur til að koma að frekari sjónarmiðum og röksemdum fyrir þjóðlendukröfulínunum á síðari stigum málsmeðferðar fyrir óbyggðanefnd, eftir atvikum með því að færa inn á kröfukort nýja punkta í samræmi við örnefni, svo og til að gera breytingar á kröfulínunum á einstökum svæðum. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram ný sönnunargögn, eftir því sem tilefni gefst til. Ennfremur er áskilinn réttur til að leiða fram vitni við aðalmeðferð.

Sérstakur fyrirvari er gerður vegna einstakra landamerkjálýsinga sem talið er af hálfu íslenska ríkisins í kröfugerð, að séu í samræmi við þjóðlendukröfulínur, ef í ljós kemur að svo reynist ekki vera.

Reykjavík, 5. október 2018,

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra vegna íslenska ríkisins,

Edda Björk Andradóttir, lögmaður

Meðfylgjandi:

- kröfukort, svæði 10A
- fylgigögn, sbr. forskj. lista

Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Skjalaskrá með kröfulýsingu íslenska ríkisins ásamt viðkomandi skjölum:

https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/10A_riki-skjalaskra.pdf

Tilvísanaskrá með kröfulýsingu íslenska ríkisins ásamt viðkomandi gögnum:

https://obyggdaneftnd.is/wp-content/uploads/10A_riki-tilvisanaskra.pdf

Óbyggðanefnd			
Málsnr.	ÖBN 19080003	Tilv.	1/2019
Db.	1-102	Skj.nr.	6
Mótt.			

Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Reykjavík, 15. apríl 2019.

KRÖFULÝSING

f.h. eigenda jarðarinnar Engjaness, landnr. 141672 og Ófeigsfjarðar, landnr. 2128026.

Inngangur:

Málavextir eru þeir að nýverið tók óbyggðanefnd til meðferðar svæði 10 A í Strandasýslu. Nefndinni barst kröfulýsing íslenska ríkisins 5. október 2018 sem nær til þess hluta Drangajökuls sem fellur innan svæðis 10 A. Í kjölfarið var hagsmunaaðilum gefinn kostur á að skila kröfulýsingu, en eigendum jarðarinnar Engjaness og Ófeigsfjarðar var veittur framlengdur frestur í því skyni til og með 15. apríl 2019.

Aðild og fyrirvar:

Eigendur landsvæðisins eru:

Jörðin Engjanes, landnr. 141672

Bar Felix Von Longo-Liebenstein, kt. 180554-3279, Lindarnesi, 851 Hellu.

Jörðin Ófeigsfjörður, landnr. 2128026

Pétur Guðmundsson, kt. 230644-4549, Ófeigsfirði 1, 524 Norðurfirði.
Guðrún Sveinbjörnsdóttir, kt. 010342-3419, Mýri, 645 Fosshóli.
Haraldur Sveinbjörnsson, kt. 050837-4329, Efstaleiti 10, 103 Reykjavík.
Gunnar Gaukur Magnússon, kt. 050961-7299, Ytri-Veðrará, 426 Flateyri.
Hallvarður E. Aspelund, 281158-3339, Fífutungu 3, 400 Ísafirði.
Valdimar Steinþórsson, kt. 310166-4809, Skipagötu 6, 400 Ísafirði.
Dánarþú Halldóru Sveinbjörnsdóttur, kt. 100838-4199.
Nýja Húsið Ófeigsfirði, kt. 601094-2079, Rauðhömrum 14, 112 Reykjavík.

Fyrirvarsmaður eigenda er Friðbjörn E. Garðarsson hrl.

Kröfugerð:

Aðalkrafa landeigenda er, að óbyggðanefnd viðurkenni óskiptan beinan eignarrétt þeirra á því landi Drangajökuls sem íslenska ríkið hefur lýst þjóðlendukröfum í. Kröfum sínum til stuðnings vísa landeigendur m.a. til merkjalýsingar framlagðra

landamerkjabréfa, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða sem og annarra heimilda um landamerki og inntak eignarréttar á hinu umþrætta svæði. Kröfugerð landeigenda lýtur þannig að öllu landi innan eftirtalinna merkja með vísan til tölusettra punkta á meðfylgjandi uppdrætti:

Upphafspunktur er við Hrollleifsborg (1), og er miðað við að hann sé við jökuljaðar og á sýslumörkum, sveitafélagamörkum og merkjum jarðanna Skjaldabjarnarvíkur í Árneshreppi og Sæbóls í Reykjarfirði, fyrrum Grunnavíkursveit, nú Ísafjarðarbæ. Þaðan er jökuljaðri Drangajökuls fylgt suður uns komið er að þeim stað, punktur (2), sem er á sýslumörkum Strandasýslu og Norður-Ísafjarðarsýslu. Það er farið norður eftir sýslumörku og sveitarfélagamörkum sem jafnframt eru mörk kröfulýsingarsvæðis og svo til norðausturs, eftir sömu mörkum að Hrollleifsborg, sem er upphafspunktur.

Til vara krefjast landeigendur þess að óbyggðanefnd viðurkenni fullkominn afnotarétt þeirra að landi innan áðurlýstra merkja, sem kann að verða úrskurðað þjóðlenda. Undir afnotarétt falli öll venjubundin afnot, að fornu og nýju.

Pá er krafist málskostnaðar úr hendi ríkisins samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar eða samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi lögmanns landeigenda.

Málavextir og helstu málsástæður:

Hið umdeilda landsvæði sem kröfulýsingin tekur til rúmast innan ytri landamerkja jarðanna Engjaness og Ófeigsfjarðar. Um innbyrðis mörk jarðanna verður hins vegar fjallað á öðrum vettvangi eins og lög bjóða.

Í landamerkjaskrá fyrir jörðina Engjaness sem þinglesin var 2. júlí 1890, sem staðfest var af umráðamönnum Engjaness og Ófeigsfjarðar og jarðeigendum Ófeigsfjarðar, kemur eftirfarandi fram:

„Hornmark milli Engjaness og Drangavíkur er Þrælskleif, þaðan beint til fjalls, svo eptir hæstu fjallsbrún að Eyvindarfjarðará, en hún ræður merkjum til sjóar milli Engjaness og Ófeigsfjarðar.“

Landamerkjalyýsingin er e.t.v. ekki eins ítarleg og æskilegt væri. Af henni og landamerkjalyýsingum bæði nærliggjandi og aðliggjandi jarða, s.s. Drangavíkur og Dranga, verður hins vegar ekki annað ráðið en að ytri mörk Engjaness og Ófeigsfjarðar nái til miðbundu Drangajökuls rétt eins og kröfulýsing landeigenda miðast við, fram kemur á uppdrætti og samræmist staðháttum og þeim heimildum sem nýtur við.

Landeigendur hafna því að landamerkjabréf sem málið varða verði skýrð þannig að vísbendandi séu um að mörk landsins séu við jökulrætur og nái ekki til hins umþrætta svæðis.

Bent er á að við setningu þjóðlendlaga var sérstaklega litið til þess að aðeins það landsvæði innan jökla sem teldist ekki til eignarlands gæti talist þjóðlenda.

Landeigendur telja einsýnt að land jarðarinnar eins og því er lýst hafi verið innan landnámssvæða og mótmæla því að óljósar lýsingar Landnámu verði til þess að frumstofnun eignarréttar yfir landinu verði dregin í efa. Telja þeir einsýnt að hið umdeilda land hafi verið numið þegar við upphaf byggðar í landinu, rétt eins og annað land.

Landeigendur telja að í kröfum ríkisins felist ásælni til beinna eignarréttinda þeirra án þess að skilyrði 72. gr. stjórnarskrárinnar séu uppfyllt og beri þegar af þeirri ástæðu að hafna kröfum íslenska ríkisins. Sambærilegt eignarréttarákvæði er einnig að finna í 1. gr. 1. viðauka laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu. Telja landeigendur að eignarréttur þeirra njóti verndar þessara grundvallarlaga.

Málsmeðferð fyrir óbyggðanefnd lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Með hliðsjón af meðalhófsreglu þeirri sem lögfest er í 12. gr. laganna er óheimilt að leggja svo þunga sönnunarbyrði á landeigendur að þeim sé ómögulegt að mæta þeim. Sem dæmi um slíkar óhóflegar sönnunarkröfur má nefna að á landeigendur sé lögð sú skylda að færa frekari sönnur á eignarrétt sinn en þær eignarheimildir sem þegar er á minnst. Slíkum kröfum er ekki hægt að fullnægja með skjallægum sönnunargögnum.

Til vara byggja landeigendur kröfu sína á því að þeir hafi hefðað landið.

Varakrafa landeigenda styðst við sömu rök og að framan greina en á engan hátt getur orkað tvímælis að réttur þeirra nær hið minnsta til fullkomins afnotaréttar þeirra innan þeirra merkja sem um er að ræða.

Helstu lagarök:

Vísað er til meginreglna í eignarrétti og stjórnarskrár, einkum 72. gr. hennar.

Vísað er til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.

Vísað er til málsmeðferðar og sönnunarreglna einkamálalaga nr. 91/1991.

Vísað er til landmerkjalaga nr. 41/1919 auk eldri laga um landamerki.

Vísað er til laga um hefð nr. 46/1905 og þinglýsingarlaga nr. 39/1978.

Vísað er til laga um verndun fornmenja dags. 16. nóvember 1907.

Vísað er til þjóðminjalaga nr. 52/1969.

Vísað er til laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 auk eldri laga um sama efni.

Vísað er til stjórnsýslulaga nr. 37/1993, einkum ákvæða laganna um rannsóknarreglu, jafnræðisreglu, álitsumleitan og meðalhófsreglu.

Vísað er til laga um afréttarmálefni og fjallskil nr. 6/1986.

Vísað er til laga nr. 64/1994 auk reglugerða með stoð í þeim.

Vísað er til þjóðlendlaga nr. 58/1998.

Vísað er til laga nr. 62/1994 um Mannréttindasáttmála Evrópu.

Vísað er til Mannréttindasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

Um málskostnað landeigenda vísast til 17. gr. laga nr. 58/1998 og 129., 130. og 131. gr. laga nr. 91/1991.

Áskilnaður:

Landeigendur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum, einkum þó ef greinargerð ríkisins gefur tilefni til.

Virðingarfyllst,
f.h. landeigenda



Jóhann Fannar Guðjónsson hdl.,
f.h. Friðbjörns E. Garðarssonar hrl.

Fylgiskjöl:

1. Kort með landamerkjum jarðarinnar
2. Þinglýsingarvottorð
3. Fasteignamatsvottorð

Óbyggðanefnd			
Málsnr.	03N19080003	Tilv.	1/2019
Db.	1-102	Skj.nr.	10
Mótt.	11.10.2019		

Óbyggðanefnd
Skuggasundi 3
101 Reykjavík.

Reykjavík 9. október 2019.

KRÖFULÝSING

Í Lögbirtingablaðinu 16. október 2018 var birt tilkynning frá óbyggðanefnd um kröfur íslenska ríkisins til þjóðlendna innan meðferðarsvæðis óbyggðanefndar 10A, Strandasýsla ásamt fyrrum Bæjarhreppi. Var þar skorað á þá sem teldu til eignarréttinda á því landsvæði sem félli innan kröfusvæðis íslenska ríkisins að lýsa kröfum sínum fyrir óbyggðanefnd í síðasta lagi 1. febrúar 2018. Frestir hafa verið veittir landeigendum til að skila kröfum sínum eftir þann tíma og þar á meðal eigendum jarðarinnar Drangavíkur í Árneshreppi sem leggja hér fram eftirfarandi kröfulýsingu.

Fyrir hönd eigenda 70,5% óskipts lands jarðarinnar Drangavíkur í Árneshreppi er hér gerð eftirfarandi krafa til eignarhalds á landsvæði sem fellur innan svæðis óbyggðanefndar 10 A í Strandasýslu og sem íslenska ríkið gerir kröfu til, með þeim rökstuðningi sem hér greinir:

Aðild og fyrirsvar:

Eigendur 70,5% óskipts lands Drangavíkur, þeir sem standa að baki kröfulýsingu þessari eru : Ásdís Virk Sigtryggsdóttir, kt. 181187-2639, Lyngbrekku 13, Kópavogi, Guðjón Egill Ingólfsson, kt. 240256-2239, Dofrakór 2, Kópavogi, Gunnar Ólafur Bjarnason, kt. 151053-5569, Kinnargötu 3, Garðabæ, Halldór Kristján Ingólfsson, kt. 311054-6279, Hesthömrum 7, Reykjavík, Ingunn Hinriksdóttir, kt. 120944-2749, Berghólum 7, Selfossi, Karl Sigtryggsson, kt. 030884-2729, Langholtsvegi 76, Reykjavík, Lára Valgerður Ingólfsdóttir, kt. 130646-3019, Eyri, Árneshreppi, Ólafur Gunnarsson, kt. 220349-2769, Lækjarkinn 2, Hafnarfirði, Sigríður Sveinsdóttir, kt. 050945-4649, Hamrabergi 21, Reykjavík og Þórhildur Hrönn Ingólfsdóttir, kt. 190860-5159, Kópavogsbakka 15, Kópavogi.

Fyrirsvarsmaður ofangreindra eigenda samkvæmt umboði er Benedikt Ólafsson hrl.

Sameigendur ofangreindra landeigenda, þ.e. eigendur að 29,5% af óskiptu landi jarðarinnar Drangavíkur sem standa ekki að baki kröfugerð þessari eru: Guðrún Anna Gunnarsdóttir, kt. 020749-4159, Sundabakka 10A, Stykkishólmi, Valfríður Möller, kt. 050259-5019, Funafold 97, 112 Reykjavík, dánarbú Jóns S. Möller, kt. 071156-3039, Ásdís Gunnarsdóttir, kt. 260348-3379, Svíþjóð, Sigríður Gunnarsdóttir, kt. 101145-2129, Noregi og Svanhildur Guðmundsdóttir, kt. 260543-2619, Arnarhrauni 48, 220 Hafnarfirði.

Kröfur:

Aðallega er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni beinan eignarrétt eigenda jarðarinnar að landi því sem íslenska ríkið hefur lýst þjóðlendukröfum í og eru innan landamerkja jarðarinnar

Drangavíkur, þ.e. frá punkti í hábungu Drangajökuls með hnitin A=360409,00 m og N=626723,00 m í beina línu að hnitsettum merkjapunkti nr. 14 og þaðan í merkjapunkt nr. 13 á merkjalínu á milli Drangavíkur og Ófeigsfjarðar á meðfylgjandi korti yfir landamerki Drangavíkur og aðliggjandi jarða. Og frá sama punkti í hábungu Drangajökuls að hnitsettum merkjapunkti nr. 39 og þaðan í merkjapunkt nr. 34 á merkjalínu á milli Drangavíkur og Dranga á meðfylgjandi korti yfir landamerki Drangavíkur og aðliggjandi jarða. Þá er krafist beins eignarréttar yfir öllu því svæði sem er innan hnitsettra merkjalína jarðarinnar Drangavíkur á meðfylgjandi korti, sem krafa íslenska ríkisins kann að ná til.

Til vara er krafist beins eignarréttar að landi því sem liggur frá jökulröndinni eins og hún er í dag, á milli greindra merkjapunkta nr. 14 og 39 á meðfylgjandi korti og að kröfulínu ríkisins á jökulröndinni eins og hún var við setningu þjóðlendulaga nr. 58/1998.

Þá er þess krafist að óbyggðanefnd viðurkenni fullan afnotarétt eigenda Drangavíkur að landi innan merkja þess lands sem krafist er og kann að verða úrskurðuð þjóðlenda.

Loks er krafist málskostnaðar úr hendi ríkissjóðs samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar. Áskilinn er réttur til að leggja fram málskostnaðarreikning lögmanns landeigenda á síðari stigum málsins.

Tilvitnað meðfylgjandi kort er unnið að Sigurgeir Skúlasyni landfræðingi fyrir kröfúlýsendur.

Landamerki Drangavíkur:

Samkvæmt þeim kortum sem liggja frammi hjá óbyggðanefnd og þeim kröfúlýsingum sem gerðar hafa verið á svæðinu fyrir nefndinni, virðist ekki gert ráð fyrir að land Drangavíkur liggi að Drangajökli. Þetta er rangt og verður því ekki hjá því komist að gera grein fyrir réttum merkjum jarðarinnar gagnvart aðliggjandi jörðum.

Við Ófeigsfjörð á Ströndum er jörðin Ófeigsfjörður. Norðan Ófeigsfjarðar og norður að Skjaldabjarnarvík í Bjarnarfirði eru eftirtaldir 3 jarðir, taldir upp í réttri röð norður: Engjanes, Drangavík og Drangar. Allar liggja jarðir þessar að sjó að austan og vestan þeirra allra er Drangajökull.

Merki allra þessara jarða eru skráð í landamerkjaskrá 2. júlí 1890, undirrituð af eigendum og umboðmönnum eigenda jarðanna, lesin fyrir manntalsþingsrétti að Árnesi þann dag og er merkjunum þinglýst.

Merkjum Ófeigsfjarðar er þannig lýst: "Land jarðarinnar er frá Helgaskjóli og norður að Eyvindarfjarðará og eru þar skír landamerki, fram til fjalls á Ófeigsfjörður svo langt sem vötnum hallar að Ófeigsfjarðarlandi".

Merkjum Engjanes er þannig lýst: "Hornmark milli Engjanes og Drangavíkur er Þrælskleif, þaðan beint til fjalls, svo eftir hæstu fjallsbrún að Eyvindarfjarðará, en hún ræður merkjum til sjóar milli Engjanes og Ófeigsfjarðar."

Merkjum Dranga er þannig lýst: "Land jarðarinnar að norðanverðu við bæinn er norður að Bjarnafjarðará og eru þar skír merki milli Skjaldabjarnarvíkur og Dranga. - Að sunnanverðu við bæinn eiga Drangar land yzt út í Drangatanga nfl. sjónhendingu af lægsta Skarðatindinum

í vörðu þá, sem er á klettunum skammt fyrir ofan sjóinn og svo eftir þeirri línu til sjávar. Til fjalls á jörðin svo langt sem vötnum hallar að láglendi hennar."

Merkjum Drangavíkur er þannig lýst: "Milli Dranga er Drangatangi við sjóinn sjónhending af lægsta Skarðatindinum í vörðu þá sem er á klettunum skammt fyrir ofan sjóinn og svo eftir þeirri línu til sjóar. - En milli Drangavíkur og Engjaness er Þrælskleif og norðanverðu kúpóttur klettur og varða beint upp af honum. Kálhólmar 3 með æðarvarpi."

Samkvæmt merkjalýsingu fyrir Dranga er nokkuð glögggt að suðurmörk Dranga liggja frá sjó og til fjalls svo langt sem vötnum hallar að láglendi hennar. Því má ljóst telja, að þar sem vötnum hallar til suðurs frá línu sem dregin er á vatnaskilum liggi lönd Drangavíkur og/eða Engjaness.

Samkvæmt merkjalýsingu fyrir Ófeigsfjörð eru norðurmörk jarðarinnar við Eyvindafjarðará sem skilur að merki Ófeigsfjarðar og Engjaness. Ofan Eyvindafjarðarár þar sem hún rennur úr Eyvindafjarðarvatni liggja merkin fram til fjalls á vatnaskilum svo langt sem vötnum hallar að Ófeigsfjarðarlandi. Því má ljóst vera að ofan Eyvindafjarðarár þar sem vötnum hallar til norðurs frá línu sem dregin er á vatnaskilum liggi lönd Drangavíkur og/eða Engjaness.

Í merkjalýsingu fyrir Engjaness segir að merkin að norðanverðu byrji við sjóinn í Þrælskleif, liggi þaðan beint til fjalls eftir hæstu fjallsbrún að Eyvindafjarðará sem ráði síðan merkjum til sjávar.

Samkvæmt meðfylgjandi hnitasettu korti eru því merki Drangavíkur og Dranga frá hnitasettum punkti nr. 1 við sjóinn og þaðan í vörðu sem er á klettunum skammt ofan við sjóinn, þaðan, sjónhendingu í lægsta Skarðatindinn í Drangaskörðum og síðan til fjalls eftir dreginni línu á milli efstu tinda á vatnaskilum að hnitapunkti nr. 39 austan við Drangajökul og þaðan beina línu í punkt í hábungu Drangajökuls með hnitin A=360409,00 m og N=626723,00 m.

Ekki er talið að ágreiningur sé um merki þessi við eigendur jarðarinnar Dranga.

Samkvæmt sama korti eru merki Drangavíkur að sunnan frá merkjapunkti nr. 22 við Þrælskleif, sem skilur að merki Drangavíkur og Engjaness og síðan eftir beinni línu sem sem dregin er á að merkjapunkti nr. 20 og síðan milli hnitasettra merkjapunkta á hæstu fjallsbrúnum teljandi niður að merkjapunkti nr. 1 sem staðsettur er við ós Eyvindafjarðarár þar sem hún rennur úr Eyvindafjarðarvatni. - Síðan leggja merkin áfram til fjalls eftir beinni línu á milli hnitasettra merkjapunkta frá 1 til 14 sem skilur að lönd Ófeigsfjarðar og Drangavíkur á vatnaskilum þar sem vötnum hallar að landi Ófeigsfjarðar.

Samkvæmt þessum merkjalýsingum er jörðin Engjavík afmörkuð sneið úr landi því sem liggur á milli jarðanna Ófeigsfjarðar og Dranga og nær land hennar hvergi upp fyrir Eyvindafjarðará. Drangavík er á hinn bóginn eigandi alls annars lands á milli Ófeigsfjarðar og Dranga.

Með vísan til framanskráðra landamerkjalýsinga má ljóst vera að jörðin Drangavík á land að Drangajökli á öllu því svæði sem er á milli norðurmerkja Ófeigsfjarðar, þ.e. þeim punkti þar sem vötnum hallar að landi Ófeigsfjarðar og norður að suðurmörkum á merkjum Dranga, þar sem vötnum hallar að landi Dranga.

Ágreiningur virðist vera uppi við eigendur jarðanna Ófeigsfjarðar og Engjaness um þessi merki. Eigendur Drangavíkur sem standa að baki kröfugerð þessari vinna að stefnu í landamerkjamáli

sem þeir munu höfða á næstu dögum til viðurkenningar á greindum réttindum sínum gagnvart eigendum jarðanna Ófeigsfirði, Engjanesi og Dröngum. Það mál verður rekið fyrir héraðsdómi Vestfjarða.

Málavextir, málsástæður og rökstuðningur:

Í landnámu er þess getið að þrír synir Herröðar hvítaskýs hafi farið til Íslands frá Noregi eftir að faðir þeirra var drepinn að undirlagi Haralds konungs. Þeir námu land á Ströndum. Eyvindur nam Eyvindarfjörð, Ófeigur nam Ófeigsfjörð og Ingólfur nam Ingólfsfjörð. Þorvaldur Ásvaldsson nam Drangaland og Drangavík til Engjanes. Hans son var Eriður inn rauði, faðir Leifs heppna sem fann Vínland ið góða.

Þar sem öðrum heimildum er ekki til að dreifa um merki landnámsjarða hefur almennt verið litið svo á að land hafi verið numið milli fjalls og fjöru, það er frá vatnaskilum hæstu fjallseggja þar sem landi hallar og vötn falla til hins numda lands og þaðan allt til sjávar. Það má því álykta að lönd þeirra landnámsmanna á Ströndum hafi náð frá hábungu á vatnaskilum í vestri og til sjávar.

Ljóst er að jöklar taka breytingum, ýmist ganga fram eða hopa. Ekki er ljóst hver staða eða stærð Drangajökuls var við landnám eða hvort jökullinn var þá til staðar eða ekki. Rannsóknir benda til að hlýtt hafi verið á norðurhveli jarðar frá upphafi Íslandsbyggðar og fram yfir aldamótin 1100. Flestir kannast við þá tilvitnun að við landnám hafi Ísland verið vaxið skógi milli fjalls og fjöru. Það er því ekki útilokað að gróðursnaud víðerni vestfjarða eins og þau eru í dag hafi verið gróðursælir bithagar forfeðra okkar. - Um eignarréttarlega stöðu þess lands sem hulið er jökli fer eftir sömu reglum og um önnur landsvæði.

Staðhæft er að eigendur Drangavíkur hafi frá upphafi landnáms til vorra daga nytjað allt land jarðarinnar sem nytjanlegt hefur verið á hverjum tíma í öllum þeim fjölbreytileika sem breytileg loftslagsskilyrði hafi skapað, allt frá hlýindaskeiði til jökultíma og gróðursæld til gróðurþurrðar.

Vísað er til almennra reglna eignarréttarins og óslitins framsals eignarréttinda. Þá er vísað til óslitinna afnota af landinu og laga nr. 46/1905 um hefð.

Vísað er til þess að við setningu þjóðlendlaga var litið til þess að eingöngu það landsvæði innan jökla sem teldist ekki til eignarlands gæti talist þjóðlenda og því er sérstaklega mótmælt að landamerkjabréf sem málið varða verði skýrð á þann veg að mörk landsins sé við jökulrætur og nái ekki til þess svæðis sem íslenska ríkið gerir kröfu til.

Vísað er til lýsingar síra Sigurðar Gíslasonar fyrir Árnassókn sem fram kemur í Sóknarlýsingum Vestfjarða II, og getið er um í kröfulýsingu íslenska ríkisins, en þar segir um afréttarlönd og upprekstur: "Hér eru engin afréttarlönd þau, er séu almenningur. Heldur liggja þau undir einstaka jarðir."

Heimildir / Fylgiskjöl:

Vísað er m.a. til eftirfarandi heimilda:

1. Landamerkjalyýsing fyrir jörðina Ófeigsfjörð dags. 21. júní 1890, þinglýst 2. júlí 1890.
2. Landamerkjalyýsing fyrir jörðina Engjanes dags. 21. júní 1890, þinglýst 2. júlí 1890.

3. Landamerkjalyýsing fyrir jörðina Dranga dags. 21. júní 1890, þinglýst 2. júlí 1890.
4. Landamerkjalyýsing fyrir jörðina Drangavík dags. 21. júní 1890, þinglýst 2. júlí 1890.
5. Kort / loftmynd Sigurgeirs Skúlasonar landfræðings með hnitasettum landamerkjum Drangavíkur gagnvart aðliggjandi jörðum.
6. Veðbókarvottorð fyrir jörðina Drangavík.
7. Ritsmíð Trausta Jónssonar veðurfræðings um hitafar á Íslandi og á norðurhveli frá landnámi til 1800, dags. 9. mars 2007.

Varðandi fylgiskjöl 1-4 incl. vísast til framlagðra skjala hjá óbyggðanefnd nr. 2(2)a og b - 2(3)a og b - 2(4) a og b - og 2(6)a og b.

Helstu lagarök:

Vísað er til almennra ólögfesta og lögfesta reglna eignarréttar og 72. gr. stjórnarskrár Íslands. Vísað er til þjóðlendlaga nr. 58/1998. Þá er vísað til ákvæða landamerkjalaga nr. nr. 41/1919. Vísað er til laga um hefð nr. 46/1905. Vísað er til laga um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Um málskostnað landeigenda er vísað til 17. gr. þjóðlendlaga nr. 58/1998 og 129. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Áskilnaður

Eigendur Drangavíkur áskilja sér rétt til að koma fram með nýjar kröfur, málsástæður, lagarök og til þess að leggja frekari gögn fyrir óbyggðanefnd á síðari stigum málsins ef þurfa þykir.

Virðingarfyllst,
f.h. landeigenda


Benedikt Ólafsson hrl.

Málsnr.	ÖBN 19080003	1/2019
Db.	1-102	2(4) a
Mótt.		a-b

Óbyggðanefnd			
Málsnr.	ÖBN 19080003	Tilv.	1/2019
Db.	1-102	Skj.nr.	10(1)
Mótt.	11.10.2019		

Mál 1/2019. A.1.4a

129.
1890

Þingfestir

dagur

2. júlí

N. 90
Landamerki
fyrir fjörðinn 'Öfeigsfjörður' í Hornshreppi í norðan
Stranda sýslu.

Landfjarðarinnar er frá 'Helgaskjóli' og norður að
Eyvindarfjarðar á og eru þar skír landamerki, fram til
fjalls á 'Öfeigsfjörð' svo langt sem er lúnum kaltar að
'Öfeigsfjarðarland' og liggur því undir 'Öfeigsfjörð' allur
Hítardalur og allur Vörðardalur til á 'Seljanesmúla'
að vörðum. Þeim, sem skilga milli 'Öfeigsfjarðar' og 'Seljanes-
lands' í 'Hítu' á 'Öfeigsfjörð' til þangað til 'Helgaskjól'
er að berast landamerki vörðum, sem þar er uppi á
múlanum, þ.e. 'Öfeigsfjörður' á nokkurt lengra á 'Hítu'
ísteptir en á landi.

Undir 'Öfeigsfjörð' liggur allur retti frá 'Helgaskjóli'
norður að 'Hvala' og svo frá 'Dagverðardals' á norður
í nyrðri teltum fyrir norðan 'Húlsfjarðar' og
þekktist þann af því, að skip fljóta á honum um flöt
og fjöru, en fjarar íð lengi fram fyrir teltum, sem er
nær neðrinni. Frá þessum tilgreinda nyrðra telti
norður að 'Vothellum' liggur allur víðarretti undir 'Þreid-
bólstaðarkirkju' í 'Vesturhópi' í 'Hítuavakssýslu'

Frá 'Vothellum' inn að 'Eyvindarfjarðar' liggur
allur víðarretti undir 'Þingeyrarklauslu' svo er
og víðarretti á svæðinu frá 'Dagverðardals' á 'Hvala'

DJÓNSKJALASAFN
ÍSLANDS

STADFEST AFRIÐ

130
1890Þinglýðskar
daga
2. júlí

Mál 1/2019. A.1.4b

Þauplóna, sem liggja undir Öfeigsförð eru: Húley
 skammt undan landi Öfeigsfjarðar megin við Húleyjarnes
 og Hólmi, skammt undan landi innih á fersinum
 Öker, sem selverði er víð og liggja undir Öfeigsförð
 eru almennir nefnd Öfeigsfjarðar öker, þau eru tali-
 vert undan landi, og eru hin einstöklu öker nefndar
 Flakaker, Hnúakker, Austurklakkar og Þróimils
 klakkar

Reykjafirði, 21. júní 1890

J. J. Thorarensen

Andm. Pjetursson Þorkell Þorkelsson
 Jón Pétursson Jón Gestason Þaggrheidur Ólafsdóttir
 fjarðar eigendur

Lesir fyrir Mannhaldsfingrið 2. Húley 2. júlí mín
 1890 og rituð inn í Landamerkjabók Strandarígs
 undir lóðulit 90. Vitnar

Gjald:

J. E. Sverrisson

Fyrir þinglýðskur - skr. 75.

Bókun n. 25-

Er ein króna

J. E. Sverrisson

N^o 91.Landamerkjaskrá
fyrir Öfeigfjörð.

2. júlí



Svæði 10A. Mál 1/2019. Drangajökull. A.1. Landamerkjabréf

A.1.4a–b. Ófeigsfjörður. Landamerkjabók Strandasýslu 1884–1892, bls. 129–130.

No. 90. Landamerki fyrir jörðinni Ófeigsfirði í Árneshreppi innan Strandasýslu.

Land jardarinnar er frá Helgaskjóli og norður að Eyvindartfjarðará og eru þar skír landamerki. fram til fjalls á Ófeigsfjörður svo langt sem vötnum hallar að Ófeigsfjarðarlandi og liggur því undir Ófeigsfjörð allur Húsadalur og allur Sýrárdalur út á Seljanesmúla að vörðum þeim, sem skilja milli Ófeigsfjarðar og Seljaneslands. Á sjó á Ófeigsfjörður út þangaðtil Helgaskjól er að bera í landamerkjavörðu, sem þar er uppi á múlanum, þ.e. Ófeigsfjörður á nokkuð lengra á sjó úteptir en á landi.

Undir Ófeigsfjörð liggur allur reki frá Helgaskjóli norður að Hvalá og svo frá Dagverdardalsá norður í nyrðri klettinn fyrir nordan Hrúteyjarnes og þekkist hann af því, að skip fljóta að honum um flód og fjöru, en fjarar út langt fram fyrir klettinn, sem er nær nestánni. Frá þessum tilgreinda nyrðra kletti norður að Vothellum liggur allur víðarreki undir Breiðabólstaðarkirkju í Vesturhópi í Húnavatssýslu. Frá Vothellum inn að Eyvindartfjarðará liggur allur víðarreki undir Þingeyraklaustur svo er og víðarreki á svæðinu frá Dagverðardals á að Hvalá.

Varplönd, sem liggja undir Ófeigsfjörð eru: Hrútey skammt undan landi Ófeigsfjarðarmeginn við Hrúteyjarnes og hólmi, skammt undan landi innst á firðinum.

